

Umsókn í þróunarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps, vorönn 2024

„Á skíðum skemmti ég mér „

Markmið verkefnisins "Á skíðum skemmti ég mér" er að efla útivistarkennslu barna í Leikholti og að veita öllum börnum á aldrinum 2-5 ára tækifæri til að kynna skíðaíþróttinni og öðlast jafnvægi og öryggi á gönguskíðum. Þetta verkefni er í anda nýrrar skólustefnu sveitarfélagsins og er ætlað að örva líkamsfærni og jafnvægi barnanna og efla markvissa útivistarkennslu í leikskólanum.

Skipulag og tímasetningar: Fáist styrkurinn er áætlað er að kaupa búnaðinn á útsölum núna í apríl/maí á þessu ári. Innleiðing verkefnisins hefst svo á fullum krafti við fyrsta tækifæri næsta vetur. Verkefnið er langtímaverkefni sem ætlað er að ná í fótfestu innan skólans og verði hluti af daglegu starfi skólans um ókomna tíð.

Fyrirkomulag kennslunar: Fyrstu skiptin eru ákveðin að vera mest í 20 mínútur fyrir hvert barn, lengist svo eftir færni og áhuga þeirra. Eftir þessi fyrstu skipti verður þeim fylgt upp og haldið utan um skráningu.

Kostnaðaráætlun: Sótt er um styrk að upphæð 450.000 krónur til að kaupa fjögur pör af barnaskíðum með bindingum, um átta pör af mismunandi skóstærðum fyrir börn og ein fullorðinsskíði og tvö pör af fullorðinsskóm. Kostnaðaráætlun miðar við að hægt verði að kaupa vörurnar á góðum afslætti núna í vor. Enginn annar styrkur hefur verið fenginn til þessa verkefnis.

Ávinningur fyrir skólasamfélagið: Með þessu verkefni munum við bæta við markvissa útivistar og íþróttakennslu fyrir börn á leikskólaaldri og stuðla að heilbrigði og vellíðan þeirra. Þetta verkefni er í samræmi við nýja skólustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og mun gagnast í að örva samhæfingu, úthald og styrk hjá börnum á leikskólaaldri.

Ávinningur fyrir börnin: Mikilvægi hreyfingar og útivistar fyrir börn eru ótvíræð. Rannsóknir hafa sýnt að hreyfing og útivist hafa mikilvæg áhrif á heilsu og vellíðan barna. Útivist býður börnum upp á tækifæri til að nýta sér náttúruna sem námsaðstöðu, þar sem þau geta skynjað umhverfið á nærandi hátt. Þetta náttúrulega námsumhverfi sem verkefnið snýst um, örvar skapandi hugsun, vitsmunalega þroska og líkamlega hreyfingu.

Hreyfing hjálpar börnum að þróa hreyfigetu, samhæfingu, og styrk. Auk þess að geta bætt úthald og andlega heilsu. Vetraríþróttir líkt og gönguskíði geta aukið sjálfstraust barna, stuðlað að samvinnu og gleði.

Með þessu verkefni "Á skíðum skemmti ég mér" er markmiðið að veita börnum tækifæri til að skemmta sér í útivistarumhverfi og læra nýja hreyfiferla á skíðum og í leiðinni efla líkamlegan og andlega þroska barnanna.

Umækjendur : Sigríður Björk Gylfadóttir og Halla Rún Erlendsdóttir, leikskólanum Leikholti. Ábyrgðarmaður: Anna Greta Ólafsdóttir leikskólustjóri.